

Fundargerð

151. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn miðvikudaginn 13. mars 2013, kl. 13.30 að Furuvöllum 1, Akureyri.

Dagskrá:

1. **Fundargerð síðasta fundar borin upp, samþykkt og undirrituð.**
2. **Uppgjör á rekstri HNE árið 2012.**

Unnið er að uppgjöri á rekstri ársins 2012. Liðurinn “Áfallið orlof, breyting” (51875) hækkar verulega á milli ára og varð umræða um hvort ekki væri rétt að gera leiðréttingarfærslu vegna þessa. Áformað er að ársreikningur komi til afgreiðslu í heilbrigðisnefnd á mars fundi heilbrigðisnefndar.

3. **Molta ehf, staða mála varðandi úrbætur á mengunarvörnum.**

Rætt var um stöðu mála varðandi úrbætur á mengunarvörnum hjá Moltu og eftirfarandi bókun samþykkt:

Þar sem Molta ehf hefur ekki brugðist við tilmælum heilbrigðisnefndar dags. 4. desember 2012 um að gera sem allra fyrst ráðstafanir til að koma í veg fyrir að nágrennar jarðgerðarstöðvarinnar á Þveráreyrum í Eyjafjarðarsveit verði fyrir óþægindum af völdum loft- og lyktarmengunar; þá áformar heilbrigðisnefnd að veita Moltu ehf áminningu sbr. 26. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Heilbrigðisnefnd veitir hér með rekstraraðila frest til 15. apríl n.k. til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Heilbrigðisnefnd vekur athygli á að áminning mun verða birt á vefsetri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra komi til slíkrar ákvörðunar. Jafnframt mun stofnunin birta á vefsetri sínu sjónarmið fyrirtækisins.

Tímasett áætlun um úrbætur eða staðfestingu á úrbótum skal senda til Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Furuvöllum 1, 600 Akureyri eða á netfangið hne@hne.is.

4. **Orkey / Mól og Sandur, Akureyri, staða mála í dag.**

Orkey hefur hætt mörbræðslu í húsnæði Malar og Sands við Súluveg og Mól og Sandur hefur falið verkfræðistofu að vinna áætlun um úrbætur á fráveitumálum vegna eigin starfssemi og einnig vegna áforma um vinnslu á olíu úr landbúnaðarplasti í húsnæði Malar og Sands.

5. **Starfsleyfisskilyrði HNE fyrir sláturhús og kjötvinnslur.**

Unnið er að endurskoðun á starfsleyfisskilyrðum fyrir sláturhús og kjötvinnslur, m.a. vegna ákvæða í reglugerð um bestu fánlegu tækni (BAT) og vegna fordæmis frá Orkuveitu Reykjavíkur varðandi töluleg viðmið vegna forhrensunar á iðnaðarskólpi; þ.e. hámark fitu, hámark lífrænna efna (mælt sem COD) og hámark svifagna. Ákveðið var að afla frekari gagna um forsendur þessara viðmiða og kynna málið nánar á næsta fundi heilbrigðisnefndar og taka ákvörðun í málinu.

Mikilvægt er að ákveðið samhengi verði á milli fráveitusamþykktar sveitarfélaga og starfsleyfisskilyrða heilbrigðisnefndar varðandi kröfur til fyrirtækja um forhreinsun á iðnaðarskólpi.

6. Köldukvíslarvirkjun á Tjörnesi; breytingar; beiðni um umsögn.

Kynnt var jákvæð umsögn HNE til Skipulagsstofnunar vegna breytinga og stækkunar á fyrirhugaðri Köldukvíslarveitu á Tjörnesi.

7. Deiliskipulag fyrir Skútustaði II, 660 Mývatnssveit.

Deiliskipulagsvinna vegna Skútustaða II í Mývatnssveit var kynnt, m.a. hvað varðar stærð og legu lóða og fyrirkomulag fráveitu á svæðinu.

8. Drög að starfsleyfi fyrir fiskimjölsverksmiðju Ísfélags Vestmannaeyinga á Þórshöfn.

Drög Umhverfisstofnunar að starfsleyfi fyrir fiskimjölsverksmiðju Ísfélags Vestmannaeyinga á Þórshöfn voru kynnt. HNE gerir ekki athugasemdir við drögin; en vekur athygli á óheppilegu orðalagi á einum stað í starfsleyfinu.

9. Kröflulína 3, 220 kv; beiðni um umsögn.

Kynnt var umsögn HNE til Skipulagsstofnunar vegna áforma um Kröflulínu 3. Í umsögninni er m.a. fjallað um efnisnámur, vinnubúðir, fráveitu, olíuskilju, vatnsvernd og neysluvatn.

10. Kísilmálmverksmiðja PCC á Bakka við Húsavík; umsagnarbeiðni.

Kynnt var umsögn HNE til Skipulagsstofnunar vegna áforma um kísilmálmverksmiðju PCC á Bakka við Húsavík. Í umsögninni er m.a. fjallað um ráðstafanir gegn ryki og foki og meðferð úrgangs og endurvinnslu; hávaðavarnir og mögulegar mótvægisáðgerðir gegn mengun frá starfsemi.

11. Sagt frá íbúafundi um urðun sorps á Bakkafirði.

Skýrt var frá umræðu og skoðanaskiptum á íbúafundi vegna möguleika á urðun á sorpi í Langanesbyggð og öðrum hugsanlegum valkostum.

12. Skýrt frá mengun í vatnsbóli í Svalbarðsstrandarhreppi.

Nýlega kom upp mengun af völdum yfirborðsvatns í einu vatnsbóli sem þjónar Svalbarðsstrandarveitu. Brugðist var við með því að loka fyrir umrætt vatnsból og skola út og hreinsa veitukerfi og jafnframt send út tilkynning um að sjóða vatn til neyslu. Líkur eru á að hreinsun ljúki á næstu dögum og þá verður send út ný tilkynning til íbúa.

13. Samþykkt um hunda- og kattahald í Svalbarðsstrandarhreppi.

Kynnt var jákvæð umsögn HNE um drög að nýrri samþykkt um hunda- og kattahald í Svalbarðsstrandarhreppi.

14. Skýrt frá fyrirhuguðu námskeiði vegna áhættumats og merkinga í sundlaugum ásamt könnun á ástandi sundlauga.

Fyrirhugað er námskeið þann 14. maí n.k. á vegum Umhverfisstofnunar um áhættumat og merkingar í sundlaugum og er námskeiðið ætlað heilbrigðisfullrúum og forstöðumönnum sundlauga. Þá er fyrirhugað að gera könnun á stöðu mála í sundlaugum n.k. sumar.

Umsóknir um starfsleyfi:

1. Hvannalindir ehf, kt. 560311-0440, Haukamýri 4. 640 Húsavík, umsókn um leyfi til framleiðsla á fæðubótarefni. **Samþykkt.**
2. Útibú ehf, kt. 630206-2000, 650 Laugar, umsókn um starfsleyfi fyrir rekstur á tjaldstæði við Laugavöll. **Samþykkt.**
3. Norðlenska ehf kt. 500599-2789, Þingeyjarsýslubraut 2, 640 Húsavík. Sláturhús og kjötvinnsla. Umsókn um endurnýjun á starfsleyfi vegna mengunarvarna. **Afgreiðslu frestað til næsta fundar vegna endurskoðunar á starfsleyfisskilyrðum.**
4. Norðlenska ehf, kt. 500599-2789, Suðurgarði 640 Húsavík. Vinnsla á hliðarafurðum úr sláturhúsi o.fl. Umsókn um endurnýjun á starfsleyfi vegna mengunarvarna. **Afgreiðslu frestað til næsta fundar vegna endurskoðunar á starfsleyfisskilyrðum.**
5. CIO ehf., kt. 500113-1970, Hafnarbraut 15, 620 Dalvík. Umsókn um starfsleyfi vegna lýsisframleiðslu. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**
6. Norðlenska ehf., kt. 500599-2789, Grímseyjargötu, 600 Akureyri. Sláturhús og kjötvinnsla. Umsókn um endurnýjun á starfsleyfi vegna mengunarvarna. **Afgreiðslu frestað til næsta fundar vegna endurskoðunar á starfsleyfisskilyrðum.**
7. Laugará ehf, kt. 680704-2010, umsókn um starfsleyfi vegna útleigu sumarhúsa að Hrímlandi 1, 3 og 5, (Hálönd), Akureyri. **Samþykkt.**
8. Fenrir ehf, kt. 560113-0130, kennsla bardagaíþróttar, Sunnuhlíð 12, Akureyri, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi vegna flutnings. **Samþykkt.**
9. Sjálfsbjörg, endurhæfing, kt. 570269-2599, Bugðusíðu 1, Akureyri, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt.**
10. Sjúkranuddstofan Friður og ró, kt. 210767-4799, Hamarstíg 25 n.h., Akureyri, umsókn um endurnýjun á starfleyfi. **Samþykkt.**

Önnur mál

Þórir V. Þórisson skýrði frá því að hann væri að flytja til Svíþjóðar á næstunni og að þetta væri hans síðasti fundur í heilbrigðisnefnd að sinni og að Jón Torfi Halldórsson tæki við sínu hlutverki í heilbrigðisnefnd. Þóri var þakkað ánægjulegt samstarf í heilbrigðisnefnd til margra ára.

Þórdís Rósa Sigurðardóttir formaður heilbrigðisnefndar skýrði frá því að hún hafi ákveðið að draga sig í hlé og að nýr formaður kæmi í hennar stað á næstunni. Þórdísi Rósu var þakkað ánægjulegt samstarf í heilbrigðisnefnd. Þórdís Rósa kemur til með að sinna formennsku áfram þar til ljóst verður hver tekur hennar sæti.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 15.45

Sigurjón Jóhannesson

Þorkell Björnsson

Birna Jóhannesdóttir

Þórey Agnarsdóttir

Hafsteinn H. Gunnarsson

María Markúsdóttir

Steinn Karlsson

Þórir V. Þórisson

Kristín Halldórsdóttir